

# STRANDMENNINGARHÁTIÐ Á SIGLUFIRÐI


– Anita Elefsen



Siglufjarðarhöfn



Sildarminjasafnið á Siglufirði




Dorgað á bryggjunni

Dagana 4. – 8. júlí 2018 fer fram Norræn Strandmenningarhátíð á Siglufirði. Um er að ræða sjöundu strandmenningarhátíðina en sú fyrsta fór fram á Húsavík árið 2011. Síðan þá hefur hátíðin verið haldin í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Álandseyjum og Færeyjum.

Búist er við fjölda þátttakenda frá Norðurlöndunum sem og Íslandi. Færeyingar hafa boðað komu sína á kúttur Jóhönnu auk þess sem þeir hyggjast koma með grindabáta, í þeim tilgangi að sigla þeim og kynna fyrir hátíðargestum. Grænlandingar og Finnar hafa boðað komu sína með söng- og leiklistarfólk. Norðmenn hafa mikinn áhuga á að sigla ólíkum skipum á hátíðina auk þess sem tónlistar- og handverksfólk hefur boðað komu sína. Unnið er að samstarfi við Svía um uppsetningu sögusýningar um síldveiðar þeirra við Íslandsstrendur og sér í lagi við Siglufjörð. Þá er á dagskrá að kynna ólíkar útfærslur á síldarréttum og bjóða hátíðargestum að bragða á ýmisskonar síld. Vonir eru bundnar við að fjöldi báta og skipa komi sjóleiðis til Siglufjarðar þessa daga, bæði frá Norðurlöndunum og víðs vegar frá Íslandi. Siglufirskar síldarstúlkur munu salta síld á planinu við Róaldsbrakka og standa þannig vörð um gömlu verkþekkinguna. Búast má við að þátttaka Íslendinga verði fjölbreytt, sem dæmi má nefna handverksfólk, bátasmiði, tónlistarfólk og eldsmiði.

Árið 2018 verður sannkallað afmælis- og hátíðarár norður á Siglufirði, en bærinn mun fagna 100 ára kaupstaðarafmæli og 200 ára afmæli verslunarréttinda – auk þess sem lýðveldið Ísland fagnar 100 ára fullveldisafmæli á árinu. Strandmenningarhátíðin fer fram í samstarfi Vitafélagsins, Norrænu strandmenningarfélaganna, Síldarminjasafns Íslands, Þjóðlagahátíðar og sveitarfélagsins Fjallabyggðar. Árleg Þjóðlagahátíð fer fram samtímis Strandmenningarhátíðinni en þemað að þessu sinni verður Tónlist við haf og strönd – það er því óhætt að segja að um sannkallaða stórhátíð verði að ræða.



## Fréttabréf VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

2. tbl 2017

### Ágæti lesandi

Nú er að hefjast vetrarstarf Vitafélagsins-Íslenskrar strandmenningar og eins og venjulega mun félagið standa fyrir fræðslukvöldum einu sinni í mánuði. Í vetur verða í raun tvö viðfangsefni í gangi. Haustið verður helgað konum og hlutverki þeirra í strandmenningu sem oftar en ekki hefur gleymst eða lítið verið um það fjallað. Fáum við fjórar konur sem fjalla um ólíka þætti strandmenningar. Við heyrum frá konu sem sinnir vitavörslu, annarri sem fjallar um sjókonur en auk þess kemur kona sem hefur gert hafið að sínum starfsvettvangi og segir frá lífi sínu á sjó. Svo heyrum við um konur í Vestmannaeyjum og þátt þeirra við að skapa gott samfélag í sjávarbyggð.

Eftir áramótin eða á árinu 2018 munum við taka til skoðunar árið 1918 sem var um margt mikilvægt í íslenskri strandmenningarsögu. Mun verða fjallað um efnið frá ólíkum sjónarmiðum en þetta var mikið merkisár þegar Ísland varð fullvalda ríki.

Að venju hefur Vitafélagið fengið til liðs við sig frábæra og valinkunna fyrirlesara sem munu fræða okkur um ólíka þætti strandmenningar og sögu Íslands í tímanna rás. Meðfylgjandi er dagskráin en einnig má fylgjast með framgangi undirbúnings á vefnum okkar [www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com)

Enn verður breyting á staðsetningu fundanna og nú höfum við fengið inni í húsnæði Sjóstangaveiðifélags Reykjavíkur, Grandagarði 18. Þar er ljómandi góður salur á 2 hæð og þar munum við hafa fundina í vetur.

Eitt þeirra verkefna sem Vitafélagið hefur gert að sínu er þátttaka í áætlun um að koma smíði súðbyrðings á lista hjá UNESCO yfir huglægar menningarferðir mannkynsins. Þessi listi geymir lýsingar á þýðingarmiklum starfsháttum sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar - hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið. Þetta er verkefni sem er sameiginlegt með öllum Norðurlöndunum og eru löndin að vinna að þessu sameiginlega verkefni. Hin Norðurlöndin eru komin lengra en við og því þurfum við að taka til óspilltra málanna því smíði súðbyrðinga er enn vel lifandi á Íslandi eins og sést í frásögn annars staðar í blaðinu þar sem Hafliði Aðalsteinsson er að smíða báta í Noregi. Til þess að vekja athygli á þessu verkefni mun Vitafélagið efna til málþings þar sem kynntar verða Norrænar hefðir við smíði súðbyrðings. Þar munu nokkrir aðilar kynna verkefnið og hvetja til aðgerða.

Stærsta viðfangsefni Vitafélagsins á þessu starfsári verður þó undirbúningur Norrænu strandmenningarhátíðinni sem verður á Siglufirði 4-8 júlí 2018. Nefnd er að störfum við undirbúninginn og hafa margir lagt hönd á plóg.. Í blaðinu segir Anita Elefsen safnstjóri í Síldarminjasafninu og varaformaður Vitafélagsins frá fyrirhugaðri norrænni strandmenningarhátíð sem býður alla velkomna. Þar sem hátíðin verður haldin í samvinnu við Þjóðlagahátíðina á Siglufirði verður þema hátíðarinnar „Tónlist við haf og strönd“. Eins og áður verður þó ýmislegt annað á boðstólnum svo sem handverk af ýmsum toga, smíði, sýningar, fyrirlestrar og fl. Er ekki að efa að margt verður forvitnilegt á dagskrá þessa daga á Siglufirði. Allir eru velkomnir til Siglufjarðar og enginn aðgangseyrir verður innheimtur af þátttöku í hátíðinni.

Sigrún Klara Hannesdóttir

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

Guðrún Einarsdóttir á Sellátrum

## ÁTTA BARNA MÓÐIR OG ÞÚSUNÐJALASMIÐUR

– Sigrún Klara Hannesdóttir



Guðrún Einarsdóttir

en Ólafur lést sviplega árið 1939 úr botnlangabólgu. Yngsta barnið, Guðrún Ólöf, fæddist mánuði eftir að Ólafur lést. Guðrún giftist í annað sinn 1942 og var seinni maður hennar Davíð Davíðsson frá Patreksfirði, f. 1903. Davíð átti þrjá drengi þegar þau tóku saman og saman eignuðust þau fjögur börn á árunum 1942-1953.

Guðrún sótti nám í Húsmæðraskólann á Staðarfelli og kynntist þá meðal annars vefnaði og vinnu á vefstól og snillingur var hún að lita garn með jurtalitum sem hún útbjó sjálf. Í þennan lit notaði hún ýmislegt s.s. mosa og gulrótarblöð. Ríkulegt listamannseðli hennar kom fram í öllu því sem hún skapaði úr efni sem til féll í kringum hana. Hún átti ákaflega fallegan blómagarð sem hún sinnti af natni, en hún átti líka sinn þátt í stofnun Skógræktarfélags Vestur Barðastrandasýslu og var formaður þess félags um árabil. Einnig vann hún að því að koma upp tónlistarskóla í sveitarfélaginu.

Þessi listfenga kona skapaði merkileg listaverk úr blómum sem hún felldi inn í gegnsætt plast, en einnig málaði hún blómamyndir með tauþrykklitum og málaði með olíulitum t.d. mjög listræn abstrakt verk. Hún varð sér út um steinsög og slípivél og gerði ýmiskonar skartgripa úr slípuðum steinum. Einnig átti hún leirbrennsluofn og gerði ýmiskonar hluti úr leir. Hún segist sjálf hafa verið glysgjör en ákvað snemma að búa sjálf til fallega muni enda að hennar mati mestu listaverkin í náttúrunni í kringum hana.

Guðrún hélt sýningu á verkum sínum í Reykjavík árið 1961 og þar sýndi hún veggteppi, áklæði ýmis konar og muni sem skreyttir voru með kuðungum svo sem lampa, hillur og ramma. Þá sýndi hún blómamyndir málaðar á silki og var getið um þessa sýningu í dagblöðum.

Guðrún lést 10 apríl 1996 og í minningargrein um hana segir Kristján Gíslason: „Guðrún var alla stund áhugasöm um hin ólíkustu málefni og kunnig góð skil á því sem bar til í umhverfi hennar. Hún átti ríka réttlætiskenn, var ræðin og kunnig ekki að lúra á skoðunum sínum.“

Guðrún var ein af þessum kjarnakonum sem skópu örlög sín við takmarkaðar aðstæður, mótuðu nærumhverfi sitt og einsettu sér að bæta samfélagið á allan hátt.

Saga vita og slysavarna er oftast helguð karlmönnum og verk kvenna eiga það til að falla í gleymsku. Þær hafa þó margar stutt við ýmis konar þjóðþrifamál sem tengjast sjó, vitum og slysavörnum og svo er einnig um Guðrúnu Einarsdóttur frá Tálknafirði sem safnaði fé til að reisa skipbrotsmannaskýli nyrst í Tálknafirði. Mönnum hafði lengi verið ljóst að þörf var fyrir skýli í Krossadal, einkanlega vegna þeirra sem þurftu að fara um þetta svæði til leitar að nauðstöddum mönnum. Guðrún gekkst fyrir söfnun til byggingar skýlisins sem síðan var afhent Slysavarnarfélagi Íslands að gjöf árið 1971. En hún lét ekki þar við sitja. Hún beitti sér líka fyrir byggingu vita sem reistur var á Kópanesi og var sambyggður skipbrotsmannaskýlinu. Skýlið er steinsteyppt og á því er líka steyppt lágt þak en skorsteinn við efri gafl. Þessi viti leysti af hólmi ljósin á Sellátrum en þau ljós voru ávallt látin lifa þegar dimmt var orðið til þess að sæfarendur áttuðu sig betur á leiðinni inn fjörðinn.

En hver var þessi atorkusama kona sem beitti sér fyrir því að reisa mannvirki til að liðsinna sjófarendum?

Guðrún Einarsdóttir var fædd á Sellátrum í Tálknafirði 5 janúar 1917. Hún giftist Ólafi H. Finnbogasyni sjómanni sem fæddur var 1910. Þau eignuðust fjögur börn á árunum 1936-1939



Kópanesviti og skipbrotsmannaskýlið.



Guðrún Einarsdóttir og Davíð Davíðsson

## STRANDMENNING, SIGLINGAR OG STAÐBUNDIN MENNTUN

– Jakob F. Þorsteinsson aðjúnt í tómstunda- og félagsmálafræði



Sumarið 2018 verður í boði þverfaglegt sumarnámskeið fyrir nemendur við Háskóla Íslands þar sem strandmenning verður kjarnviðfangsefni. Námskeiðið er um staðbundna útimenntun (e. Place-based outdoor education) og fjallar um nám þar sem rótað er í því staðbundna; það getur verið saga, umhverfi, menning, atvinnulíf, bókmenntir og listir tiltekins staðar.

### Byggt á reynslu frá Plymouth

Námskeiðið er þróað í samstarfi milli Háskóla Íslands og fræðimanna á sviði útináms við Plymouth Marjon University í Bretlandi. Jakob F. Þorsteinsson sem starfar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Mark Leather sem starfar við Marjon háskólann hafa leitt verkefnið. Sambærilegt námskeið hefur verið í boði við Marjon háskólanum í nokkur ár og hefur vakið athygli víða. Mark

Leather og Fiona Nicholls skrifuðu fræðgrein um námskeiðið sem bar heitið „More than activities: using a ‘sense of place’ to enrich student experience in adventure sport“ og rannsókn þeirra hefur lagt grunn að undirbúningsstarfi okkar.

### Mikill áhugi á Íslandi

Nú í sumar var unnið að undirbúningi námskeiðsins á Íslandi sem fólst í að skoða hvernig væri hægt að skipuleggja það hér á landi. Skoðað var m.a. hvar við gætum haldið námskeiðið, hverjir gætu komið að kennslunni og hvernig yrði staðið að kynningu, fjármögnun ofl. Það er sérstaklega mikilvægt í þessu námskeiði því að samfélagið, í víðum skilningi, er notað til að skapa samhengi í námi nemenda. Lögð er áhersla á þarfir og hagsmuni samfélagsins og almenningur mun þjóna sem auðlind ásamt kennurum frá Háskólanum og verða samstarfsaðilar í kennslu og námsferlinu í heild.

Leitast verður við að skapa dýpri skilning með tengingu við staði, virðingu og umhyggju fyrir staðhættum og því fólki sem þar bjó og býr. Með þessu sjónarhorni gefst tækifæri til að fjalla um alþjóðleg málefni eins og sjálfbærni á persónulegan hátt sem tengist viðkomandi stað.

### Upplifanir, forvitni og rannsókn

Við sem stöðum að þessum undirbúningi höfum hitt fjölmarga aðila innan Háskóla Íslands, frá Sjöminjasafni Reykjavíkur, Vatnasportmiðstöðinni Siglunesi, Sjávarklaslanun, Vitafélaginu og víðar. Allir hafa sýnt námskeiðinu mikinn áhuga og samtölin í sumar hafa sannfært okkur enn frekar um hve mikilvægt það er að taka þetta viðfangsefni fyrir. Hér er um að ræða vanrækt svið í okkar samfélagi sem er nátengt við sögu okkar, samtíð og framtíð með fjölbreyttum hætti. Námskeiðið byggir á að nemendur, sem við gerum ráð fyrir að verði þverfaglegur hópur úr ýmsum deildum HÍ, upplifi annars vegar siglingar af eigin reynslu og hins vegar kynnist ýmsum hliðum siglinga og strandmenningar með heimsóknum og fræðilegum fyrirlestrum. Það er von okkar að reynslumiðuð nálgun veiti háskólanemendum fræðslu og skilning á staðbundnum aðstæðum. Við sjáum fyrir okkur upplifun af siglingu meðfram strandlengjunni, dvöl í Viðey, heimsóknir á söfn og sögur af fólki og samtöl. Á námskeiðinu eiga nemendur að vinna afmarkað rannsóknarverkefni sem tengist staðbundinni útimenntun, siglingum og strandmenningu og markmið okkar er að gera þá forvitna, opna augu þeirra fyrir ýmsum kostum sem og að styðja þau við að afla sér þekkingar.

## HAFLIÐI SMÍÐAR FYRIR NORÐMENN

– Sigurbjörg Árnadóttir



Hafliði Aðalsteinsson

Á safninu Kystens Arv í Syðri Þrændalögum í Noregi er bátasmiðurinn Hafliði Aðalsteinsson að smíða súðbyrtan bát með breiðfirsku lagi. Fyrirmynd bátsins er bátur sem langafi Hafliða smíðaði. Hafliði segir svona báta hafa verið til á flestum búum við Breiðafjörð sem land áttu að sjó. Þeir hafi verið nýttir til ýmiskonar hlunninda, 18 feta, léttir og því auðvelt að bera þá til. Á safninu Kystens Arv er bátasmiði í gangi allt árið og tveir lærlingar á safninu fylgjast grannt með smíði Hafliða. Safnið fékk styrk til bátasmiðinnar og er tilgangurinn að geta sýnt safngestum íslenskan bát. Þegar Hafliði hefur lokið verkinu nú í lok mánaðarins verður báturinn sjósettur og mun síðan prýða safnið ásamt fjölmörgum norskum súðbyrtum bátum, gestum til fróðleiks og augnayndis.